

ALMENN FYRIRMÆLI

65

30. apríl

um

Búnaðarbanka Íslands.

1. gr.

Búnaðarbanki Íslands er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins undir sérstakri stjórn, og ber ríkissjóður ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans.

2. gr.

Bankinn starfar, jafnskjótt sem við verður komið, í sex deildum með aðgreindum fjárhag, og nefnast þær sparisjóðs- og rekstrarlánadeild, veðdeild, bústofnslánadeild, ræktunarsjóður, lánadeild smábýla við kaupstaði og kaup-tún og byggingar- og landnámssjóður. Skal halda algerlega aðgreindum vara-sjóðum og öðrum eignum, útlánunum, innlögum, bókhaldi og reikningshaldi hverrar deildar um sig.

Fyrirmæli verða sett og birt sérstaklega um hverja deild fyrir sig.

3. gr.

Yfirumsjá bankans er í höndum ráðherra þess, er fer með landbúnaðar-mál. Stjórn bankans og eftirlit að öðru leyti annast framkvæmdarstjórn, aðal-bankastjóri og tveir meðstjórnendur.

4. gr.

Bókhaldi og reikningum deildanna skal hagað svo, að kostað sé kapps um, að ætíð sé auðvelt að kynnast hag bankans.

5. gr.

Pegar störfum er lokið hvern dag, skal allt fé bankans, mikilsvarðandi skjöl og bækur látið í eldtrygga trausta skápa.

6. gr.

Bankastjórnarnir skulu að jafnaði allir, og hið fæsta tveir, vera viðstaddir í bankanum til viðtals á hverjum degi, eigi skemur en tvær stundir. Þó er bankastjórn heimilt að veita tilteknum starfsmönnum bankans umboð til þess að rita undir skuldbindingar ásamt aðalbankastjóra, þegar sérstaklega stendur á.

65

30. apríl

Bankastjórn ákveður, hvenær bankinn skuli vera opinn til afgreiðslu fyrir almenning.

7. gr.

Bankastjórn ákveður í samráði við ráðherra, er fer með landbúnaðarmál, vöxtu af innlögum og útlánnum.

Vaxtabreytingar skulu auglýstar í Lögbirtingablaði.

9. gr.

Bankastjórnin segir starfsmönnum bankans fyrir um störf þau og skyldur, sem á þeim hvíla, og hefir eftirlit með því, að framkvæmt sé það, er fyrir þá er lagt.

10. gr.

Allir embættismenn og starfsmenn bankans skulu undirskrifa drengskaparheit um það, að þeir skuli gegna störfum þeim, sem þeim eru á hendur falin, með árvekni og samvirkusemi og eigi gera nokkurum manni út í frá kunnugt um málefni bankans né segja frá um viðskipti einstakra manna við hann.

11. gr.

Tveir bókhaldsfróðir menn skulu vera endurskoðunarmenn bankans, skipaðir af ráðherra til tveggja ára í senn, eftir tillögu sameinaðra landbúnaðarnefnda beggja deilda alþingis, að viðhafðri hlutfallskosningu; skulu þeir hafa stöðugt eftirlit með rekstri bankans, rannsaka reikninga hans í hverju einstöku atriði og bera þá saman við bækur bankans, verðbréfaeign og heimafé. Þeir skulu að minnsta kosti tvisvar á ári sannreyna, hvort heimafé bankans og eignir eru fyrir hendi.

Endurskoðendur gera skýrslu til stjórnarráðs með ársreikningum bankans og ella, er þeim þykir þörf á.

12. gr.

Laun hvors endurskoðanda skulu vera 1200 kr. á ári (fyrsta árið þó 600 kr.), auk harðærisbóta.

13. gr.

Allar leiðréttingar, eða breytingar í bókum bankans, skulu svo gerðar, að glögglega sjáist, hvað þar hefir staðið upphaflega.

14. gr.

Bankastjórn skal á hverju miðju reikningsári senda ráðherra stutt yfirlit um hag bankans, og skal það birt í B-deild Stjórnartíðinda. En við árslok skal sendur fullkominn endurskoðaður ársreikningur og skýrsla um hag og starf-

semi bankans á árinu. Ráðherra úrskurðar ársreikninginn, og skal því næst birta útdrátt úr honum í B-deild Stjórnartíðinda.

65
30. apríl

15. gr.

Deildir bankans taka hver um sig þátt í sameiginlegum kostnaði, eftir því sem bankastjórn ákveður með samþykki ráðherra.

16. gr.

Kvittanir frá bankanum eru því að eins fullgildar, að féhirðir hafi ritað undir þær og þeim fylgi áritun bókara um, að þær séu athugaðar. Í forföllum þeirra er þó jafngild kvittun þess eða þeirra, er þeir fela starf sitt í samráði við bankastjórn.

17. gr.

Féhirðir bankans skal setja trygging fyrir fé því, sem honum er trúað fyrir, sem nemi að minnsta kosti einum fjórða af því, sem hann má hafa mest í sjóði í eiginvörzlum.

Féhirðir ber ábyrgð á þeim, sem í forföllum hans eða af öðrum ástæðum annast störfina, ef eigi er séð fyrir því, að varamennirnir eða aðstoðarmennirnir setji trygging, meðan þeir gegna störfum féhirðis.

18. gr.

Starfsmenn bankans eru skyldugir til að vinna fram yfir venjulegan starfstíma bankans, þegar þess er þörf.

19. gr.

Starfsmennirnir mega ekki án leyfis bankastjórnar taka að sér annað launað starf eða reka atvinnu.

20. gr.

Embættismönnum og starfsmönnum bankans er bannað að gerast umboðsmenn annarra við bankann.

21. gr.

Þeir, sem vilja fá lán úr bankanum, skulu beiðast þess skriflega, og geta þeir fengið prentuð eyðublöð undir slíka beiðni í bankanum. Skriflegs svars við slíkri beiðni verður ekki krafizt, og getur enginn, sem synjað er um lán, heimtað, að honum sé gerð grein fyrir, hverjar ástæður séu til synjunarinnar.

22. gr.

Sérhver skuldunautur bankans má greiða lán það, er hann hefir fengið, allt eða nokkurn hluta þess, áður en komið er að gjalddaga þeim, sem ákveðinn er í skuldabréfinu og fær hann þá endurgoldinn tiltölulegan hluta þeirra

- 65** vaxta, er hann hefir greitt fyrir fram af fjárhæð þeirri, sem hann greiðir fyrir
 30. apríl réttan gjalddaga, en eigi hærri vöxtu en bankinn á þeim tíma greiðir fyrir
 sparisjóðsinnlög; þó getur bankastjórn breytt til um vaxtagreiðsluna, ef ástæða
 þykir til. Vaxtahæðin skal nema meira en 3 kr. til þess að endurgreiðsla á
 vöxtum geti komið til greina.

Fyrirmæli þessi eru hér með sett samkvæmt lögum um Búnaðarbanka Íslands nr. 31, 14. júní 1929, til þess að öðlast þegar gildi, og birtast til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. apríl 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Vígfús Einarsson.

66

30. apríl

F Y R I R M Æ L I

um

sparisjóðs og rekstrarlánadeild Búnaðarbanka Íslands.

Samkvæmt lögum 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands, eru sparisjóðs- og rekstrarlánadeild bankans sett þau ákvæði, er hér fara á eftir.

1. gr.

Ríkissjóður ber ábyrgð á sparisjóðs- og rekstrarlánadeild sem öðrum skuldbindingum Búnaðarbankans.

2. gr.

Deildin skal eiga að minnsta kosti 15% af innlánsfé með sparisjóðskjörum í tryggum og auðseldum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum, jarðræktarbréfum, veðdeildarbréfum Búnaðarbankans eða Landsbankans eða öðrum verðbréfum, er bankastjórn og ráðherra telja jafntrygg. Í stað verðbréfa má koma innieign í sparisjóðsdeild Landsbankans.